



Tilkynning um eigendaskipti að ökutæki

Rafræn eigendaskipti: Hægt er að framkvæma rafræn eigendaskipti inn á mitt.samgongustofa.is, seljandi byrjar þar ferlið. Ekki þarf að skila skriflegri tilkynningu ef það er gert

Kennitala seljanda		Kennitala meðeiganda		Kennitala kaupanda		Kennitala meðeiganda/ umráðamanns	
Seljandi þarf að vera skráður eigandi – Seljandi, kaupandi og meðeigandi verða að vera orðnir 18 ára (sjá leiðbeiningar)							
Nafn seljanda		Nafn kaupanda					
Heimilisfang seljanda		Heimilisfang kaupanda					
Netfang seljanda		Netfang / Sími					
Nafn meðeiganda		Nafn <input type="checkbox"/> meðeiganda / <input type="checkbox"/> umráðamanns		1.			
				2.			
Notkunarflokkur – Ökutækjaleiga				Tilgreina skal tryggingarfélag kaupanda / umráðamanns.			
Ef ökutækið er skráð í notkunarflokkinn ökutækjaleiga breytist notkunarflokkurinn sjálfkrafa í almenna notkun nema sérstaklega sé beðið um annað við eigendaskipti				80 <input type="checkbox"/> Sjónvá- Almennar tryggingar hf.		70 <input type="checkbox"/> TM tryggingar hf.	
				90 <input type="checkbox"/> Vátryggingafélag Íslands hf.		75 <input type="checkbox"/> Verna MGA ehf.	
				98 <input type="checkbox"/> Eftirvagn / tengitæki á tryggingu ökutækis		10 <input type="checkbox"/> Vörður tryggingar hf.	
				99 <input type="checkbox"/> Úr umferð			
Seljandi, kaupandi, meðeigandi og umráðamaður skulu undirrita beidnina – Ef undirritað er fyrir hönd aðila þarf umboð (sjá leiðbeiningar)							
Ég samþykki, með beidni (umsókn/eyðublaði) þessari og undirskrift minni, vinnslu og meðferð á þeim upplýsingum sem henni fylgja. Samgöngustofa mun fylgja gildandi lögum og reglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda. Upplýsingum er miðlað áfram til tryggingafélaga.							
Undirskrift seljanda		Undirskrift kaupanda					
Undirskrift meðeiganda		Undirskrift meðeiganda / umráðamanns					
Vitundarvottar þurfa að vera orðnir 18 ára. Athugið að votta þarf bæði fyrir kaupanda og seljanda.							
Vitundarvottur að undirskrift seljanda		Kt.		Vitundarvottur að undirskrift kaupanda		Kt.	

Afhenda skal Samgöngustofu frumrit tilkynningar um eigendaskipti að ökutæki

Athugið að bæði kaupandi og seljandi bera ábyrgð á að tilkynna eigendaskipti. Aðilum er bent á að halda eftir afriti af tilkynningunni eða undirrita auka eintök.

Leiðbeiningar við tilkynningu um eigendaskipti að ökutæki

Rafræn eigendaskipti: Hægt er að framkvæma rafræn eigendaskipti inn á mitt.samgongustofa.is, seljandi byrjar þar ferlið. Ekki þarf að skila skriflegri tilkynningu ef það er gert né millifæra. Greitt er með greiðslukorti þegar allir aðilar hafa samþykkt.

Aldur: Ef seljandi, kaupandi eða meðeigandi er yngri en 18 ára skal afla samþykkis sýslumanns fyrir kaupum/sölu, samkvæmt lögræðislögum.

Bifreiðagjald: Eigendaskipti eru ekki skráð nema gjaldfallin bifreiðagjöld séu greidd. Skráður eigandi á gjalddaga (1. janúar og 1. júlí ár hvert) ber ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Við eigendaskipti mun skatturinn sjá um að endurgreiða seljanda og senda kröfu á kaupanda frá og með skráningardegi. Ef óskað er skráningar á eigendaskiptum fyrir gjalddaga verður tilkynning um eigendaskipti að berast Samgöngustofu fyrir gjalddaga og verður hún að vera skráningarhæf. Ökutæki á kílómetragjaldi þurfa að hafa farið í eigendaskiptaálestur innan 7 daga, greiða þarf þungaskattinn fyrir skráningu eigendaskipta.

Efni umboðs: Ef tilkynning um eigendaskipti er undirrituð fyrir hönd kaupanda/seljanda eftir umboði skal umboð fylgja tilkynningunni. Á umboði skal koma fram nafn og kennitala umboðsmanns, fastanúmer ökutækis, dagsetning umboðs og undirritun umboðanda. Tvo vitundarvotta þarf að undirritun umboðanda og skulu þeir vera orðnir 18 ára.

Eigendaskipti vegna andláts eiganda: Við eigendaskipti vegna andláts skulu allir erfingjar, eða maki sem hefur búsetuleyfi, undirrita tilkynningu um eigendaskipti. Með tilkynningunni skal framvísa búsetuleyfi, einkaskiptaleyfi, eignaskiptagerð eða yfirlýsingu sýslumanns og skulu öll þessi skjöl vera staðfest af sýslumanni. Ef tilteknum aðila hefur verið veitt umboð til undirritunar fyrir hönd erfingja eða maka skal framvísa umboði.

Móttaka og skráning tilkynninga: Tilkynningu um eigendaskipti skal framvísa hjá Samgöngustofu eða á skoðunarstöð innan 7 daga frá því að eigendaskipti áttu sér stað. Skráning eigendaskipta fer þó eingöngu fram hjá Samgöngustofu. Vilji aðilar láta skrá eigendaskiptin samstundis verður að koma tilkynningu beint til Samgöngustofu.

Skráningu hafnað: Ef tilkynning er ekki fullnægjandi eru eigendaskipti ekki skráð. Samgöngustofa tilkynnir bréflaga bæði kaupanda og seljanda ef tilkynning er ekki fullnægjandi.

Vanrækslugjald: Samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja er óheimilt að skrá eigendaskipti að ökutæki ef á því hvílir vanrækslugjald. Ekki er hægt að greiða vanrækslugjald hjá Samgöngustofu.

Greiðsla: Greiða þarf fyrir tilkynningu um eigendaskipti, kr. 2.792, samkvæmt [gjaldskrá Samgöngustofu](http://gjaldskrá.samgongustofa.is). Ef greitt er með millifærslu skal leggja inn á reikning 515-26-210867, kennitala 540513-1040. Vinsamlega látið kvittun fylgja tilkynningu eða sendið kvittun á eigandi@samgongustofa.is og setjið fastanúmer ökutækisins í skýringu.

Ef millifært, skráið kennitölu þess sem millifærir hér: _____